



# Framkvæmda- fréttir

4. tbl. /05

Bundið slitlag í árslok 2004, sjá kort í miðopnu



Vestfjarðavegur (60) í Vattarfirði. Þarna var lagt bundið slitlag sumarið 2003.

## Auglýsingar útboða

### Landeyjavegur (252), Gunnarshólmi - Hólmavegur 05-011

Vegagerðin óskar eftir tilboðum í gerð Landeyjavegar (252) frá Gunnarshólma að Hólmavegi, alls tæpir 5 km.

Helstu magntölur eru:

Fyllingar	16.170 m <sup>3</sup>
Fláafleygar	2.910 m <sup>3</sup>
Ónothæfu efni jafnað út	2.860 m <sup>3</sup>
Skeringar	5.770 m <sup>3</sup>
Nedra burðarlag, óunnið efni	20.700 m <sup>3</sup>
Efra burðarlag, unnið efni	4.405 m <sup>3</sup>
Ræsi	258 m
Girðingar	8.400 m
Skurðir	4.360 m
Tvöföld klæðing	33.700 m <sup>2</sup>

Verki skal að fullu lokið 1. september 2005.

Útboðsgögn verða seld hjá Vegagerðinni Breiðumýri 2 á Selfossi og Borgartúni 7 í Reykjavík (móttaka) frá og með 21. febrúar 2004. Verð útboðsgagna er 4.000 kr.

Skila skal tilboðum á sömu stöðum fyrir kl. 14:00 þriðjudaginn 8. mars 2005 og verða þau opnuð þar kl. 14:15 þann dag.

## Niðurstöður útboða

### Ferjuleið Vigur - Æðey 2005 - 2010 05-001

Tilboð opnuð 15. febrúar 2005. Rekstur á ferjuleiðinni Ísafjörður-Vigur-Æðey, þ.e. að annast flutninga á farþegum og vörum með ferju árin 2005 - 2010. Verktaki skal leggja til skip í samræmi við útboðsgögn.

nr.	Bjóðandi	Tilboð (kr.)	Hlutfall (%)	Frávík (þús.kr.)
6	Sjóferðir H og K ehf., Ísafirði	37.590.720	117,7	13.091
5	Albert Óskarsson, Ísafirði	34.750.000	108,8	10.250
---	Áætlaður verktakakostnaður	31.940.000	100,0	7.440
4	Ferðapjónustan Grunnavík, Ísafirði	29.929.520	93,7	5.430
3	Heppinn ehf., Ísafirði	29.705.000	93,0	5.205
2	Jónas Helgason, Æðey	28.995.200	90,8	4.495
1	Henry Bæringsson, Ísafirði	24.500.000	76,7	0

## Framkvæmdafréttir Vegagerðarinnar 4. tbl. 13. árg. nr. 393 21. febrúar 2005

Ritstjórn  
og umsjón útgáfu:  
**Viktor Arnar  
Ingólfsson**  
Ábyrgðarmaður:  
**Gunnar Gunnarsson**  
Prentun: Gutenberg

Ósk um áskrift sendist til:  
**Vegagerðin**  
**Framkvæmdafréttir**  
**Borgartúni 7**  
**105 Reykjavík**  
(bréfsími 522 1109)  
eða [vai@vegag.is](mailto:vai@vegag.is)

Vegagerðin gefur út Framkvæmdafréttir til að kynna útboðs-  
framkvæmdir fyrir verktökum. Fyrirhuguð útboð eru kynnt,  
útboðsauglýsingar eru birtar og greint er frá niðurstöðum og  
samningum. Auk þess er í blaðinu annað það fréttafni sem  
verður til hjá stofnuninni og talið er að eigi erindi til verktaka.  
Áskrifendur eru m.a. verktakar, verkfræðistofur og fjölmiðlar.  
Áskrift er endurgjaldslaus.




Núverandi brú á Laxá hjá Laxamýri var byggð 1952. Horft í átt til Húsavíkur.



Svipað sjónarhorn og á myndinni hér til vinstri. Ný brú teiknuð inn á mynd.



Núverandi brú og vegur. Aðkoma er kröpp. Til vinstri má sjá endann á flugbrautinni.



Svipað sjónarhorn og á myndinni hér til vinstri. Sjá má hvernig nýr vegur hefur betri legu.



Núverandi brú mun standa áfram og þjóna sem reidleið.



Tvær brýr eins og þær munu líta út í framtíðinni.

## Ný brú á Laxá hjá Laxamýri

Vegagerðin kannar nú hvort ný brú á Laxá hjá Laxamýri sé matsskyld samkvæmt lögum um mat á umhverfisáhrifum en þetta svæði er verndað með sérstökum lögum um verndun Mývatns og Laxár í Suður-Þingeyjarsýslu. Brúin er á Norðausturvegi (85) við Húsavíkurflugvöll. Vegagerðin telur að framkvæmdin hafi fremur lítil umhverfisáhrif nema það sem varðar aukið umferðaröryggi fyrir vegfarendur. Núverandi brú er einbreið og aðkoma að henni mjög slæm.

Hugmyndin er að bjóða verkið út í sumar þannig að framkvæmdir geti hafist í haust eftir laxveiðitímabilið. Þá ætti framkvæmdinni að ljúka sumarið 2006.

Ný brú verður staðsett um 25 m norðan við núverandi brú. Hún verður 84 m löng steipt bogabré í einu hafi með 7,5 m breiðri akbraut og 0,5 m breiðum bríkum. Boginn verður 45 m langur með 6 m rishæð. Brúadeild Vegagerðarinnar hannar brúna.

Nýr vegur með brú er samtals um 1,56 m langur. Áningarstaðurinn á Heiðarenda við minnisvarðann um Jóhann Sigurjónsson lendir undir nýja veginum þannig að nýr áningarstaður verður byggður í staðinn. Minnismerkinn verður ekki raskað en vegurinn mun færast nær því. Gert er ráð fyrir 6 fólksbílastæðum og einu rútustæði á áningarstaðnum.



## Vetrarþjónustan frá Patreksfirði



Rúnar H. Bollason verkstjóri á Patreksfirði sendi okkur þessa mynd sem sýnir tæki sem notuð eru við vetrarþjónustu frá þjónustustöðinni.

Talið upp frá vinstri

1. Mazda árg. 2004, vinna á öllu svæðinu við eftirlit og þjónustu. Eigandi Vegagerðin.
2. Landrover árg. 2002 með tónn. Eigandi Vegagerðin.
3. Bens þjónustubíll. Eigandi Vegagerðin. Með kastplóg og sanddreifara. Vinnur á öllu svæðinu sem viðbót í hreinsun og hálkueyðingu.
4. Volvo 460 6x6 drifa árg. 2004. Eigandi Græðir. Með kastplóg, undirtónn og dreifara frá Vegagerðinni. Vinnur á leiðinni Bíldudalur-Patreksfjörður-Brjánslækur.
5. MAN 33-464 6x6 drifa árg. 2000. Eigandi Helgi Árnason. Með kastplóg eða fjölplóg og dreginn dreifara í hálkueyðingu. Vinnur á leiðinni Patreksfjörður-Klettsháls.
6. Campion veghefill 740A árg. 1994 með öllum snjóbúnaði. Eigandi Vegagerðin. Vinnur á leiðinni Bíldudalur-Patreksfjörður-Brjánslækur ásamt sveitavegum.
7. Volvo veghefill G740B með öllum snjóbúnaði. Eigandi Vegagerðin. Vinnur á leiðinni Brjánslækur-Klettsháls ásamt öðru.
8. Case 921B árg. 1997, 24 tonn. Eigandi Sigurbór Þórisson með Vg. Överaasen Vpv-150-410s blásara árg. 1989. Vinnur á leiðinni Brjánslækur-Klettsháls.
9. Volvo L50B árg. 1994. Eigandi Vegagerðin með Vg. Överaasen 2vpv-90-160 blásara árg. 1996. Vinnur á sama svæði + Klettsháls stundum.
10. JCB 3 árg. 1997. Eigandi Ingi Bjarnason. Með Vg. Överaasen 2vpv-90-160 blásara árg. 1989. Vinnur á leiðinni Bíldudalur-Patreksfjörður.

## Niðurstöður útboða

### Hringvegur (1), Svínahraun

- Hveradalabrekka 03-084


Tilboð opnuð 2. febrúar 2005. Breikkun 2 km kafla og nýbyggingu 3 km kafla Hringvegur (1) fyrir neðan Hveradalabrekku, með mislægum vegamótum við Þrengslaveg, stefnugreindum vegamótum við nýjan Hamragilsveg og lagfæringu á aðkomu að Litlu-kaffistofunni.

Helstu magntölur eru:

Fyllingar og fláafleygar	183.000 m <sup>3</sup>
Burðarlög	63.500 m <sup>3</sup>
Bergskeringar	19.500 m <sup>3</sup>
Malbik	41.600 m <sup>2</sup>
Axlir, K2	7.000 m <sup>2</sup>
Mótafletir	1.000 m <sup>2</sup>
Steinsteypa	400 m <sup>3</sup>
Steypustyrktarjárn	53.000 kg

Verki skal að fullu lokið 30. september 2005.

nr.	Bjóðandi	Tilboð (kr.)	Hlutfall (%)	Frávík (þús.kr.)
9	Klæðning ehf., Kópavogi	397.000.000	110,0	119.532
8	Háfell ehf., Reykjavík	373.571.390	103,5	96.104
7	Loftorka Reykjavík hf. og Suðurverk	363.239.635	100,6	85.772
---	Áætlaður verktakakostnaður	361.000.000	100,0	83.532
6	Ræktunarsamband Flóa og Skeiða ehf., Selfossi	339.540.770	94,1	62.073
5	Ístak hf., Reykjavík	328.082.472	90,9	50.615
4	Vörubílstjórafélagið Mjöltnir, Selfossi	317.367.990	87,9	39.900
3	Íslenskir aðalverktakar hf., Reykjavík	290.808.287	80,6	13.341
2	Jarðvélar ehf., Kópavogi	277.935.438	77,0	468
1	KNH ehf., Ísafirði	277.467.777	76,9	0



0 10 20 30 40 50 km

Mælikvarði 1 : 1 300 000

Þ



### Bundið slitlag í árslok 2004

———— Bundið slitlag á  
þjóðvegum í árslok 2003

———— Bundið slitlag á  
þjóðvegum lagt árið 2004

Bundið slitlag á þjóðvegum  
er alls 4.460 km (Bráðabirgðatala)




## Ný skýrsla

# Lagfæring vegamóta á Hringveginum

Verkfræðistofan Línuhönnun hefur skilað skýrslu um hagkvæmni úrbóta á vegamótum Hringvegur og annarra vega. Skýrslan er unnin fyrir Vegagerðina og í samstarfi við hana. Hana má finna í heild á pdf formi á vef Vegagerðarinnar, vegagerdin.is. Tenging er af fréttayfirliti á forsíðu og einnig undir „útgefið efni / umferðaröryggismál“. Fyrir hönd Vegagerðarinnar unnu að skýrslunni Rögnvaldur Jónsson, Auður Þóra Árnadóttir, Jón Hjaltason, Eva Jóhannsdóttir, Gunnar Jóhannesson og Jósep Gíslason. Rögnvaldur Jónsson valdi

þau vegamót sem þarfnast lagfæringa og kostnaðargreindi stefnugreiningu vegamótanna. Auður Þóra Árnadóttir, Jón Hjaltason og Eva Jóhannsdóttir öfluðu upplýsinga um umferðaröryggi á Hringveginum og Jósep Gíslason teiknaði vegamót á Íslandskort. Fyrir hönd Línuhönnunar unnu að verkinu Haraldur Sigþórsson (verkefnisstjóri), Bergþóra Kristinsdóttir og Þórólfur Nielsen.

Eftirfarandi texti er unninn upp úr skýrslunni.



## Umferð og aðgerðir

Flest vegamót á þjóðvegum á Íslandi eru óstefnugreind. Vegmálning er oft óskýr eða hana vantar. Skiltun er víða þokkaleg en enn má þó bæta hana til muna. Einnig má nefna að laus mól á vegamótum hefur verið til vandræða í gegnum tíðina. Þetta leiðir til þess að umferðaróhöpp á vegamótum eða í næsta nágrenni þeirra eru nokkuð tíð. Ekið er í veg fyrir bíla, aftaná þá eða út af veginum. Mjög líklegt er að með betri útfærslu vegamóta megi fækka óhöppum verulega.

Í skýrslunni eru settar fram tillögur um endurbætur vegamóta á Hringveginum. Fjöldi slysa á vegamótum er fundinn



af Vegagerðinni, en fækkun óhappa eftir úrbætur er metin af Línuhönnun hf., auk þess sem fyrirtækið reiknar arðsemi framkvæmdanna.

Skoðaðar voru norskar kröfur um öryggi vegamóta og reynt að heimfæra þá aðferðarfræði yfir á íslenskar aðstoður.

Hringveginum er skipt í þrjá flokka og kröfur til vegamóta eru þessar:

- Minni ársdagsumferð en 1.500 bílar á sólarhring. Í undantekningartilfellum verða vegamót fullstefnugreint. Öll vegamót með einhverja umferð verða stefnugreind í aðkomuvegi og gert framhjáhlaup í aðalvegi. Önnur vegamót verða lagfærð, að undanskildum vegum inn á tún og engi, að eyðibýlum, sumarústöðum og þar sem umferð er mjög lítil. Í þessum flokki er allur Hringvegurinn utan vegkaflanna sem nefndir eru hér að neðan.
- Ársdagsumferð 1.500 - 5.000 bílar á sólarhring. Öll meiriháttar vegamót og þar sem umferð er mest verði fullstefnugreind. Önnur vegamót verði stefnugreind í aðkomuveg og sett framhjáhlaup í aðalveg. Í þessum flokki er vegkafl frá Hvolsvelli að Borgarnesi, vegkafl frá Ólafsfjarðarvegi að Svalbarðseyrarvegi og vegkafl frá Fellabæ að Egilsstöðum. Alls eru þetta 190 km.
- Meiri ársdagsumferð en 5.000 bílar á sólarhring. Vegamót verði stefnugreind og mislæg þar sem umferð aðkomuvegar er mest. Í þessum flokki eru nokkrir vegkaflar í nágrenni höfuðborgarsvæðisins, t.d. Reykjanesbraut og hlutar Suðurlands- og Vesturlandsvegur. Þeir eru ekki skoðaðir nánar í þessari skýrslu

## Aukið öryggi

Skráning Vegagerðarinnar á eignatjónsóhöppum á Hringveginum sýnir að 18% þeirra verða á vegamótum. Álykta má að þetta hlutfall ætti í raun að vera hærra því hluti óhappa sem skráð eru á vegkafla verða í raun vegna nálægra vegamóta. Því má reikna með að þessi tala sé 18-22% eða 42 til 51 óhapp. Á sama hátt má álykta að 14-18% umferðarslysa á Hringveginum verði á eða við vegamót. Alls 24-30 slys. Erlendar reynslutölur sýna að lagfæring vegamóta getur fækkað óhöppum um 30%.

## Kostnaður

Í skýrslunni er gerð áætlun um lagfæringar vegamóta í hverjum flokki. Kostnaður er talinn vera sem hér segir:

- a) Fullstefnugreina vegamót, hringtorg með lýsingur 25 m.kr., 40 staðir, samtals 1.000 m.kr.
- b) Útvíkkun Hringvegur og dropi í þverveg 4,5 m.kr., 44 staðir, samtals 198 m.kr.
- c) Klæðing inn á þverveg 50 m og yfirborðsmerking 0,2 m.kr., 600 staðir, samtals 120 m.kr.

Heildarkostnaður er ríflega 1,3 milljarður.

Með aðgerðunum má fækka óhöppum á viðkomandi vegamótum um minnst þriðjung. Ef borinn er saman sparnaður vegna aukins umferðaröryggis og framkvæmdakostnaður er ástæða til að ætla að aðgerðirnar borgi sig upp á 8-20 árum.



# Ráðstefna um samgöngumál fimmtudaginn 3. mars 2005

Verkfræðingafélag Íslands og Tæknifræðingafélag Íslands standa fyrir ráðstefnu um samgöngumál fimmtudaginn 3. mars kl. 9-17 á Grand Hótel Reykjavík, Sigtúni 38. Umfjölluninni verður skipt þannig að fyrir hádegi verður fjallað um hálendisvegi en eftir hádegi samgöngur á höfuðborgarsvæðinu.

**Hálendisvegir:** Fjallað verður um hálendisvegi í víðu samhengi. Rætt verður um skipulag hálendisins og hálendisvegi framtíðarinnar. Sjónarmið ýmissa hagsmunahópa (s.s. ferðaþjónusta, jeppafólks, almennings og náttúruverndar) munu koma fram og sérstaða hálendis Íslands skoðuð í alþjóðlegu samhengi.

**Samgöngur á höfuðborgarsvæðinu:** Fjallað verður um samgöngur á höfuðborgarsvæðinu frá nokkrum sjónarhornum. Fyrirlesarar frá Danmörku og Bandaríkjunum skoða

## Yfirlit yfir útboðsverk

Þessi listi er stöðugt til endurskoðunar og geta dagsetningar og annað breyst fyrirvaralaust. Það eru auglýsingar útboða sem gefa endanlegar upplýsingar.

Fremsi í lista er númer útboðs í númerakerfi framkvæmdaeldar.

Rautt númer = nýtt á lista

Fyrirhuguð útboð	Auglýst: dagur, mánuður, ár
05-010 Yfirlagnir á Suðursvæði 2005	05
05-008 Festun og yfirlögn á Norðaustursvæði 2005	05
05-007 Yfirlagnir á Norðaustursvæði 2005	05
05-009 Ólafsfjarðarvegur (82) á Lágheiði	05
05-003 Reykjanesbraut (41), Laugarnesvegur-Dalbraut (færsla Sæbrautar)	05
05-004 Nesbraut (49), Miklabraut/Kringlumýrarbraut, breikkun ljósagatnamóta	05
05-006 Yfirlagnir á Suðvestursvæði, klæðing	05
05-002 Yfirlagnir á Suðvestursvæði, malbik	05
04-044 Hringvegur (1), hringtorg við Norðlingavað	05
03-009 Reykjanesbraut (41), Fífuhvammvegur - Kaplakriki	05
03-092 Reykjanesbraut (41), Fífuhvammvegur - Kaplakriki, eftirlit	05
04-006 Hringvegur (1) um Norðurárdal í Skagafirði	05
04-071 Auðsholtvegur (340), Skeiðavegur - Syðra Langholt	05
00-054 Hallsvegur (432), Fjallkonuvegur - Víkurvegur	05
04-072 Garðskagavegur (45) um Ósabotna	05
04-004 Útnesvegur (574), Gröf - Arnarstapi	05
<b>Útboð sem hafa verið auglýst</b>	<b>Auglýst: Opnað:</b>
05-011 Landeyjavegur (252), Gunnarshólmi - Hólmavegur	21.02.05 08.03.05
<b>Útboð á samningaborði</b>	<b>Auglýst: Opnað:</b>
05-001 Ferjuleið, Vigur-Æðey 2005-2010	31.01.05 15.02.05
03-084 Hringvegur (1), Svínahraun - Hveradalabrekka	10.01.05 01.02.05
04-074 Hringvegur (1) um Blönduhlíð í Skagafirði, varnargarðar	29.11.04 14.12.04
<b>Samningum lokið</b>	<b>Opnað: Samið:</b>
04-075 Suðurstrandarvegur (427), Hraun - Ísólfskáli Háfell ehf.	18.01.05 10.02.05

höfuðborgarsvæðið með hliðsjón af lausnum í þeirra löndum. Þá verður fjallað um breyttar áherslur í skipulagi og umferðarmálum og hugsanlegar framtíðarlausnir s.s. brýr og jarðgöng.

Fulltrúar ungu kynslóðarinnar munu koma með sín sjónarmið og almenningsamgöngur verða ræddar.

Ráðstefnan er öllum opin. Ráðstefnugjald er 12.000 kr. fyrir félagsmenn VFÍ og TFÍ en 14.000 kr. fyrir aðra. Námsmenn og eldri félagar greiða 3.500 kr.

Skráning fer fram á skrifstofu VFÍ/TFÍ á netföngin vfi@vfi.is, tfi@tfi.is og í síma 568 8511.

## Dagskrá

09:00	Setning Ávarp	Formaður VFÍ Samgönguráðherra Sturla Böðvarsson
<b>HÁLENDISVEGIR</b>		
09:10-09:25	Núverandi staða	Vegagerðin
09:25-09:40	Skipulag miðhálendisins	Óskar Bergsson
09:40-10:00	Hálendisvegir framtíðarinnar	Sigmundur Einarsson
10:00-10:20	<b>Kaffi</b>	
10:20-10:35	Afstaða ferðaþjónustunnar	Þorleifur Þór Jónsson
10:35-10:50	Afstaða „almennings“	Rögnvaldur Guðmundsson
10:50-11:05	Afstaða „jeppafólks“	Snorri Ingimarsson
11:05-11:20	Náttúruverndarsjónarmið	Ólöf Guðný Valdimarsdóttir
11:20-11:35	Sérstaða hálendis Íslands fyrir þjóðir heims	Ómar Ragnarsson
11:35-12:05	<b>Samantekt og umræður</b>	Ari Trausti Guðmundsson
12:05-13:00	<b>Matur</b>	
<b>SAMGÖNGUR Á HÖFUÐBORGARSVÆÐINU</b>		
13:00-13:15	Bíllinn er yfirhöfn Íslendingans	Helgi Pétursson
13:15-13:30	Evrópsk borg / amerísk borg	Gestur Ólafsson
13:30-14:00	Höfuðborgarsvæðið vs. Danmörk	Jens Rørbeck*
14:00-14:30	Höfuðborgarsvæðið vs. USA	Scott Rutherford**
14:30-14:45	Breyttar áherslur í skipulagi og umferðarmálum Rvk	Salvör Jónsdóttir
14:45-15:00	Framtíðarlausnir í umferðarmálum miðbæjar Rvk	Anna Kristinsdóttir
15:00-15:20	<b>Kaffi</b>	
15:20-15:35	Mjúkir vegfarendur	Reykjavíkurráð ungmenna
15:35-15:50	Endurskipulagning almenningsamgangna á höfuðborgarsvæðinu	Ásgeir Eiríksson
15:50-16:05	Jarðgöng á höfuðborgarsvæðinu	Hreinn Haraldsson
16:05-16:20	Leiðin til suðurs	Ágúst Einarsson
16:20-16:35	Tengsl höfuðborgarsvæðisins og landsbyggðarinnar	Kristján Þór Júlíusson
16:35-17:00	<b>Samantekt og umræður</b>	Hákon Ólafsson
17:00	Ávarp Ráðstefnuslit	Formaður TFÍ Borgarstjóri Steinunn Valdís Óskarsdóttir

\* Jens Rørbeck er fyrrverandi prófessor við DTU (Danmarks Tekniske Universitet) og starfar sem ráðgjafi í umferðarmálum.

\*\* Scott Rutherford er prófessor í Byggingar- og umhverfisverkfræði við háskólann í Seattle.